

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995,  
með síðari breytingum (sýklalyfjanotkun).

Flm.: Gunnar Bragi Sveinsson, Anna Kolbrún Árnadóttir, Bergþór Ólason,  
Birgir Þórarinsson, Karl Gauti Hjaltason, Ólafur Ísleifsson,  
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigurður Páll Jónsson, Þorsteinn Sæmundsson.

1. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein er verður 15. gr. a, svohljóðandi:

Fyrirtæki sem hafa með höndum smásölu matvæla skulu tryggja með merkingum í sölurýmum að neytendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um upprunaland matvælanna og meðalnotkun sýklalyfja við framleiðslu matvæla í viðkomandi landi. Matvælastofnun skal gefa út árlegar leiðbeiningar um miðlun upplýsinga um sýklalyfjanotkun við framleiðslu matvæla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Markmið frumvarpsins er að bæta miðlun upplýsinga um sýklalyfjanotkun við framleiðslu matvæla til neytenda. Með þessu er tryggt að neytendur séu upplýstir um meðalnotkun sýklalyfja við framleiðslu matvæla í upprunalandi þeirra matvæla sem boðin eru til sölu í matvöruverslunum og geti byggt ákværðanir sínar um val á matvöru á þeim upplýsingum.

Í byrjun árs 2017 birti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) lista yfir sýklalyfjónæmar bakteríur þar sem stofnunin flokkaði tólf ættir baktería eftir áhættuflokkum.<sup>1</sup> Haustið 2019 varaði stofnunin við að jarðarbúar væru að verða uppiskroppa með nothæf sýklalyf og hvatti til þróunar nýrra lyfja. Aðalframkvæmdastjóri stofnunarinnar, dr. Tedros Adhanom Ghebreyesus, lýsti því yfir 20. september 2017 að neyðarástand væri að skapast í með-höndlun sjúklinga vegna sýklalyfjaónæmis.<sup>2</sup> Þá kemur fram í nýrri skýrslu Evrópusambandsins frá því í febrúar 2019<sup>3</sup> að aukið ónæmi gegn sýklalyfjum stofni í hættu hefðbundinni meðferð við lekanda, sem er næst algengasti kynsjúkdómur innan EES-svæðisins. Í skýrslu sem unnin var í Bretlandi um aðgerðir gegn sýklalyfjaónænum bakteríum kemur fram að um 700.000 manns láti lífið á hverju ári af völdum slíkra baktería.<sup>4</sup>

12. apríl 2017 skilaði starfshópur sem heilbrigðisráðherra skipaði greinargerð um aðgerðir til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi. Í greinargerðinni kemur m.a.

<sup>1</sup> [https://www.who.int/medicines/publications/WHO-PPL-Short\\_Summary\\_25Feb-ET\\_NM\\_WHO.pdf](https://www.who.int/medicines/publications/WHO-PPL-Short_Summary_25Feb-ET_NM_WHO.pdf)

<sup>2</sup> <https://www.who.int/news-room/detail/20-09-2017-the-world-is-running-out-of-antibiotics-who-report-confirms>

<sup>3</sup> <https://ecdc.europa.eu/en/news-events/gonorrhoea-drug-resistance-compromises-recommended-treatment-europe>

<sup>4</sup> [https://amr-review.org/sites/default/files/160525\\_Final%20paper\\_with%20cover.pdf](https://amr-review.org/sites/default/files/160525_Final%20paper_with%20cover.pdf)

fram að sýklalyfjanotkun í dýrum hér á landi hefur verið ein sú lægsta á heimsvísu. Þá hafi algengi sýklalyfjaónæmis hér á landi verið umtalsvert lægra en í nágrannalöndum. Í greinargerð starfshópsins og í bresku skýrslunni er fjallað um mikilvægi þess að auka meðvitund almennings um hættuna sem fylgir ofnotkun sýklalyfja. Þá er í greinargerð starfshópsins lagt til að innleidd verði stefna um skynsamlega notkun sýklalyfja í dýrum, m.a. verði gefnar út leiðbeiningar um skynsamlega notkun þeirra. Þótt mikið hafi verið fjallað um notkun sýklalyfja og hættuna sem fylgir sýklalyfjaónæmum bakteríum hefur heildstæða stefnu vantað.

Lyfjastofnun Evrópu gefur árlega út skýrslu um sölu sýklalyfja sem ætluð eru dýrum í 30 ríkjum Evrópu. Í þeirri skýrslu má finna upplýsingar um notkun sýklalyfja í helstu innflutningsríkjum Íslands. Nauðsynlegt er að auka vitund almennings um efni skýrslunnar enda hefur skort mikið á miðlun upplýsinga til almennings um notkun sýklalyfja við framleiðslu matvæla. Hafi almenningur greiðan aðgang að þessum upplýsingum í sölurýmum verslana geta neytendur tekið ákvörðun um frá hvaða ríkjum þeir kaupa matvæli á grundvelli opinberra upplýsinga um notkun sýklalyfja í matvælaframleiðslu.